



FRÉTTATILKYNNING
FRÁ
SKRIFSTOFU FORSETA ÍSLANDS

BLAÐAMANNAFUNDUR FORSETA ÍSLANDS

SAMRÁÐSÞING UM LOFTSLAGSBREYTINGAR OG ÖNNUR ALÞJÓÐLEG VERKEFNI Í UMHVERFISMÁLUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson boðar til blaðamannafundar á Bessastöðum í dag, sunnudaginn 11. júní, kl. 15:00. Á fundinum mun forseti m.a. kynna meginþætti á alþjóðlegu Samráðsþingi um loftslagsbreytingar (Global Roundtable on Climate Change) sem hefst mánudaginn 12. júní og stendur fram til miðvikudagsins 14. júní. Þingið sækja tæplega 200 fulltrúar um 100 alþjóðlegra fyrirtækja, háskóla og rannsóknarstofnana.

Á fundinum mun forseti jafnframt kynna og fjalla um fjögur önnur viðamikil alþjóðleg verkefni á sviði umhverfismála og loftslagsbreytinga sem hann hefur beitt sér fyrir að undanfögnu.

10. júní 2006

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028)